



## Heilsuvernd barna

Í tilefni af 30 ára afmæli Barnasáttmálans á þessu ári hefur verið ákveðið að gera nokkrum greinum hans hærra undir höfði og útskýra nánar inntak þeirra til fræðslu og upplýsinga.

Grein júlí mánaðar er réttur barna til heilsuverndar en um hann er fjallað í 24. gr. Barnasáttmálans:

### 24. gr Barnasáttmálans

- 1. Aðildarríki viðurkenna rétt barns til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja, og aðstöðu til læknismeðferðar og endurhæfingar. Aðildarríki skulu kappkosta að tryggja að ekkert barn fari á mis við rétt sinn til að njóta slíkrar heilbrigðisþjónustu.
- 2. Aðildarríki skulu stefna að því að réttur þessi komist að fullu til framkvæmda, og einkum gera viðeigandi ráðstafanir:
  - a. Til að draga úr ungbarna- og barnadauða.
  - b. Til að tryggja öllum börnum nauðsynlega læknaaðstoð og heilbrigðisþjónustu, með áherslu á uppbyggingu heilsugæslu.
  - c. Til að berjast gegn sjúkdómum og vannæringu, þar á meðal innan heilsugæslunnar, m.a. með því að beita þeirri tækniþekkingu sem er auðveldlega tiltæk og með því að útvega nægilega holla fæðu og hreint drykkjarvatn um leið og tekið sé tillit til hættu á umhverfismengun og áhrifa af völdum hennar.
  - d. Til að tryggja mæðrum viðeigandi heilbrigðisþjónustu fyrir og eftir fæðingu.
  - e. Til að sjá um að allir þjóðfélagshópar, en einkum foreldrar og börn, fái upplýsingar um og eigi aðgang að fræðslu og fái aðstoð við að beita grundvallarþekkingu á heilbrigði barna og næringu, kostum brjóstagjafar, hreinlæti, umhverfishreinlæti og slysavörnum.
  - f. Til að þróa heilsuvernd, leiðbeiningar til foreldra og fræðslu og aðstoð við fjölskylduáætlanir.
- 3. Aðildarríki skulu gera allar þær ráðstafanir sem vænlegar eru til árangurs og við eiga í því skyni að ryðja úr vegi hefðum sem eru skaðlegar heilbrigði barna.
- 4. Aðildarríki skuldbinda sig til að stuðla að og hvetja til alþjóðasamvinnu er beinist að því að smám saman komi réttur sá sem viðurkenndur er í grein þessari til fullra framkvæmda. Hvað þetta snertir skal tekið sérstakt tillit til þarfa þróunarríkja.

### Almenn athugasemd númer 15

Almennar athugasemdir barnaréttarnefndarinnar skipta miklu máli fyrir túlkun á Barnasáttmálanum og þróun hans. Þær geta snúið að ákveðinni grein Barnasáttmálans eða verið almennar hugleiðingar nefndarinnar um tiltekin réttindi barna.

Árið 2013 gaf barnaréttarnefndin út almenna athugasemd númer 15 um 24. gr. sáttmálans um rétt barna til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja. Nefndin leggur áherslu á

heilsuvernd barna út frá réttindamiðaðri nálgun sem veitir öllum börnum rétt til að lifa, vaxa og þroskast á líkamlegan, andlegan og félagslegan máta. Þá leggur nefndin áherslu á að ríki stundi virkar forvarnir af ýmsum toga og að gæta þurfi sérstaklega að því að 2. gr. Barnasáttmálans sé virt þegar kemur að heilsuvernd barna, þ.e. að engu barni sé mismunað vegna stöðu sinnar.

Innleiðing 24. gr. Barnasáttmálans felur í sér að taka þarf til greina allar meginreglur Barnasáttmálans, (2,3,6, og 12. gr.) ásamt því að taka mið af fyrirmýndarverklagi og gagnreyndum aðferðum. Þá ber að nefna að samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni felur heilsa og heilbrigði ekki einungis í sér að viðkomandi sé laus við sjúkdóm eða önnur vanheilindi heldur að hann njóti fullkominnar andlegrar, líkamlegrar og félagslegrar vellíðunar. Sú skilgreining er lögð hér til grundvallar.

## **Samspil 24. gr. Barnasáttmálans við meginreglur Barnasáttmálans**

### **Jafnræði – Bann við mismunun (2. gr.)**

Aðildarríki þurfa að tryggja með öllum tiltækum ráðum að réttur barna til heilsuverndar sé ekki skertur vegna mismununar af einhverju tagi. Börn í minnihlutahópum eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu og þarf að tryggja með öllum tiltækum ráðum jafnt aðgengi þeirra að heilbrigðisþjónustu. Hér er átt við öll þau atriði sem talin eru upp í 2. gr. Barnasáttmálans, svo sem kynþáttur, kynferði, trúarbrögð, fötlun, staða eða athafnir foreldra o.s.frv. Þá áréttar barnaréttarnefndin að kynvitund, kynhneigð og andleg heilsa falli einnig undir bann við mismunun.

Öll stefnumótun á sviði heilsuverndar barna þarf að taka mið af jafnrétti kynjanna og tryggja þarf jafnan aðgang að upplýsingum. Einnig þurfa jaðarsettir hópar barna að vera í sérstökum forgangi við setningu löggjafar, mótun stefnu og framkvæmd þjónustu sem varðar heilsuvernd barna.

### **Það sem er barninu fyrir bestu (3. gr.)**

Meginreglan um það sem er barninu fyrir bestu þarf að vera útgangspunktur allra ákvarðana sem tengjast heilsuvernd barna hvort sem um er að ræða einstakt barn eða hóp barna. Þegar um er að ræða ákvörðun sem varðar einstakt barn þarf að fara fram mat á því sem er barninu fyrir bestu sem byggist á líkamlegum, tilfinningalegum, félagslegum og námslegum þörfum barns, aldri, kyni og sambandi barns við umönnunaraðila og aðra fjölskyldumeðlimi. Búa þarf barninu aðstæður þar sem það getur tjáð skoðanir sínar og gefa þarf þeim vægi eftir aldri og þroska líkt og 12. gr. Barnasáttmálans kveður á um.

Barnaréttarnefndin leggur áherslu á að börn á öllum aldri hafi aðgang að upplýsingum um heilsu sem hæfi aldri þeirra og þroska. Þá þarf sérstaklega að stuðla að góðum og aðgengilegum upplýsingum til barna sem glíma við andlega eða vitsmunalega þroskaskerðingu eða fötlun.

Ef vistun barns utan heimilis kemur til greina er mikilvægt að upplýsingagjöf sé góð til barnsins sem og umönnunaraðila þess. Ef taka þarf slíka ákvörðun er afar mikilvægt að matið á því sem er barni fyrir bestu sé vandað og haft sé í huga að fyrsti kostur ætti ávallt að vera að veita nauðsynlegan stuðning á heimili barns.

## **Réttur til lífs og þroska (6. gr.)**

6. gr. Barnasáttmálans kveður á um rétt barna til að lifa og þroskast. Í því felst að barn á rétt á að ná líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska.

Einn lykilþáttur í þroska og heilsuvernd barna er að hlúa vel að heilsuvernd móður og skiptir öflugt mæðra- og ungbarnaeftirlit þar sköpum ásamt fræðslu og aðstoð við brjóstgjöf. Þá þarf einnig að hafa í huga að almenn heilsa foreldra og aðrir þættir sem tengjast heilsu, líkt og mataræði og hreyfing hafa mikil áhrif á heilsu barna og þarf að veita fjölskyldum nauðsynlegan stuðning og fræða um ávinning góðrar heilsu.

## **Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif (12. gr.)**

12. gr. Barnasáttmálans felur í sér rétt barns til þátttöku og að skoðanir barnsins fái aukið vægi eftir aldri og þroska þess. Börn eiga þannig alltaf að fá að tjá sig um heilsutengd málefni, til dæmis þjónustu heilbrigðisstarfsmanna, hvort umrædd þjónusta nýtist þeim, hvernig hægt er að bæta hana, viðmót heilbrigðisstarfsmanna og hvernig hægt sé að tryggja aðkomu barnsins að ákvörðunum sem varða heilsu þess.

Barnaréttarnefndin hvetur öll ríki til að framkvæma reglubundið mat á heilbrigðisþjónustu við börn og fá álit barna sem þjónustuþega. Einnig ber að kanna upplifun foreldra af þjónustu við börnin og fjölskylduna, en mikilvægt er að það sé gert í sitt hvoru lagi.

## **Nánari greining á 1. mgr. 24. gr. Barnasáttmálans**

*„Réttur barns til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja, og aðstöðu til læknismeðferðar og endurhæfingar.“*

Við mat á besta heilsufari sem hægt er að tryggja þarf að líta til líffræðilegra, félagslegra og menningarlegra þátta í lífi barnsins og meta viðeigandi og tiltæk úrræði á vegum ríkisins og einkaaðila. Þá þarf að meta aldur og þroska barns og stigvaxandi rétt barna til að taka ákvarðanir um eigið líf og sérstaklega atriði sem tengjast andlegri og líkamlegri heilsu barns, sem og kynfrelsi.

Árangursrík heilsuvernd barna felst einkum í því að til staðar sé heilbrigðisþjónusta sem uppfyllir gæðakröfur, virkar forvarnir og öflugt kynningarstarf um heilsu, meðferðarúrræði og endurhæfingu.

Stjórnvöld þurfa að tryggja að heilbrigðisstarfsfólk fái viðeigandi þjálfun í heilsuvernd barna og til staðar sé starfsfólk sem sinni eftirliti og þjónustu við börn. Skipulag starfseminnar ásamt verklagi og þjónustu þarf að þjóna þörfum barna. Ekki má neita börnum um þjónustu sem þau eiga rétt á lögum samkvæmt. Einnig ætti reglubundið mat á þjónustu og gæðaviðmiðum að vera fastur liður í allri heilbrigðisþjónustu við börn.

*„Aðildarríki skulu kappkosta að tryggja að ekkert barn fari á mis við rétt sinn til að njóta slíkrar heilbrigðisþjónustu.“*

Barnaréttarnefndin leggur áherslu á lagalega umgjörð utan um heilbrigðisþjónustu og að áhersla sé lögð á að veita öllum börnum viðeigandi þjónustu með sérstakri áherslu á jaðarsetta hópa.

Þá er mikilvægt að stjórnvöld séu meðvituð um helstu atriði sem geta komið í veg fyrir að börn fái notið heilbrigðisþjónustu, svo sem fjárhagur foreldra eða menningarlegir þættir og geri ráðstafanir til að uppræta þær hindranir. Stjórnvöld ættu einnig að hvetja börn og fullorðna til heilbrigðs lífennis með því að veita upplýsingar.

Barnaréttarnefndin leggur áherslu á að börn geti leitað sér ráðgjafar í trúnaði í samræmi við aukinn þroska og færni þeirra án samþykkis foreldra eða forsjáraðila ef viðkomandi fagaðili metur að það sé barninu fyrir bestu. Einnig ættu börn að fá sjálf að samþykkja tilteknar læknisfræðilegar ráðstafanir án samþykkis foreldra eða forsjáraðila, eins og kynsjúkdómaskoðanir og fá aðgang að upplýsingum, fræðslu og leiðbeiningum um kynheilbrigði getnaðarvarnir og þungunarrof.

### **Nánari greining á 2. mgr. 24. gr. Barnasáttmálans**

Í samræmi við 2. mgr. 24. gr. Barnasáttmálans ber stjórnvöldum skylda til að setja áætlun um eftirlit með heilbrigðisþjónustu við börn. Það felur m.a. í sér að framkvæma þarf ítarlegt stöðumat og gera áætlun um forgangsaþriði í heilsuvernd, vinnubrögð heilbrigðisstarfsfólks, innleiðingu gagnreyndra aðferða og stefnumótun. Mikilvægt er að hafa virkt samráð við börn um atriði sem tengjast þeim í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans.

### **Nánari greining á b- lið 24. gr. Barnasáttmálans**

#### ***„Tryggja öllum börnum nauðsynlega læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu“***

Liður í því að tryggja öllum börnum nauðsynlega læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu er að stjórnvöldum er skylt að afla allra lyfja sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin birtir á lista yfir nauðsynleg lyf og gera þau aðgengileg á viðráðanlegu verði.

Þá hefur barnaréttarnefndin áhyggjur af aukinni andlegri vanheilsu ungmenna, kvíða, misnotkun á lyfssæðilskyldum lyfjum, tölvu/tækjafíkn, sjálfskaðandi hegðun og sjálfsvígum. Barnaréttarnefndin hvetur stjórnvöld eindregið til þess að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja skjót og vönduð inngríp í aðstæður barna sem glíma við vanda af þeim toga. Nefndin varar sérstaklega við því að leysa slíkan vanda með því að ávísa lyfjum til barna heldur kanna hvort hægt sé að grípa til vægari ráðstafana fyrst.

Sérstök skylda hvílir á stjórnvöldum að veita viðeigandi stuðning, meðferð og endurhæfingu fyrir börn sem glíma við andleg veikindi. Barnaréttarnefndin leggur áherslu á að stjórnvöld leggi aukna áherslu og fjármuni í andlega heilsu ungmenna með því að skapa umræðu og ávarpa mikilvægi andlegrar heilsu í stefnumótun, sérstaklega á sviði heilsuverndar og menntunar. Slíkt ætti að gera í samvinnu við aðila sem veita þjónustu í nærumhverfi barna, svo sem sveitarfélög, heilsugæslu og skóla. Beina þarf sérstakri athygli að börnum sem búa við fátækt eða tilheyra minnihlutahópum til þess að styðja við þau og efla bjargráð þeirra og fjölskyldunnar.

### **Nánari greining á c- lið 24. gr. Barnasáttmálans**

### ***„Berjast gegn sjúkdómum og vannæringu“***

Barnaréttarnefndin hvetur til þess að skólar tryggja aðgengi nemenda að næringarríkri máltíð á hverjum degi. Slíkt styrki einbeitingu nemenda og auki skólasókn. Þá hvetur nefndin til þess að kennarar fái sérstaka þjálfun í því hvernig hægt er að bæta næringu barna og geti kennt börnum um ávinning þess að lifa heilbrigðu lífni. Að lokum mælir nefndin með því að skólar setji upp garða þar sem rækta má næringarríka fæðu.

Stjórnvöld verða að huga að aðgengi barna að skyndibita sem inniheldur mikla fitu, sykur eða salt eða er næringarsnauður. Þá á að takmarka aðgang barna að drykkjum sem innihalda mikið magn af koffíni eða öðrum skaðlegum efnum. Takmarka þarf markaðssetningu slíkra drykkja sem beinist gegn börnum og aðgengi barna að slíkum drykkjum eins og t.d. í skólum.

Barnaréttarnefndin hvetur stjórnvöld sérstaklega til þess að innleiða barnvæna nálgun í alla þjónustu við börn og í heilsuvernd þeirra. Heilbrigðisstofnanir eiga að bjóða upp á barnvænt umhverfi, setja á heilbrigðisstefnu sem leggur áherslu á þjálfun heilbrigðisstarfsmanna í að lágmarka kvíða og sársauka hjá börnum og fjölskyldum þeirra og að heilbrigðisþjónustan og umhverfið sé aðgengilegt og hlýlegt. Þá ber að virða trúnað við ungmenni og veita þjónustu sem tekur mið af þeim og þeirra þörfum.

#### **Nánari greining á e- lið 24. gr. Barnasáttmálans**

*„ Sjá um að allir þjóðfélagshópar, en einkum foreldrar og börn, fái upplýsingar um og eigi aðgang að fræðslu og fái aðstoð við að beita grundvallarþekkingu á heilbrigði barna og næringu, kostum brjóstgjafar, hreinlæti, umhverfishreinlæti og slysavörnum,„*

Mikilvægt er að heilsufarslegar upplýsingar og fræðsla um heilsu atriði sé aðgengileg börnum og á barnvænu máli þannig að börn á mismunandi aldri og þroskastigi skilji inntak upplýsinganna. Þannig geta börn tekið upplýstar ákvarðanir um heilsu sína og lifnaðarhætti. Þá ætti fræðsla að taka mið af mikilvægi góðrar næringar, hreyfingar, hvernig hægt er að koma í veg fyrir meiðsli, skaðsemi reykinga og neyslu áfengis, mikilvægi persónulegs hreinlætis, og tannumhirðu. Einnig ætti að koma fram hvar börn geta fengið nánari upplýsingar og hvar hægt er að sækja þjónustu. Fræðsluefni ætlað börnum um heilsu ætti að vera hannað í samvinnu við börn og dreift á marga opinbera staði.

#### **Nánari greining á f- lið 24. gr. Barnasáttmálans**

*„Próa heilsuvernd, leiðbeiningar til foreldra og fræðslu og aðstoð við fjölskylduáætlanir“*

Stjórnvöld eiga að innleiða gagnreyndar aðferðir til að styðja við foreldrafærni eins og foreldrafræðslu, stuðningshópa fyrir foreldra og fjölskylduráðgjöf. Sérstakan gaum þarf að gefa fjölskyldum með langveik börn eða börn sem eiga við önnur heilsufarsleg eða félagsleg vandamál að stríða. Einnig ber stjórnvöldum að grípa til allra ráðstafana til að koma í veg fyrir að foreldrar beiti börnin sín líkamlegu ofbeldi eða refsingum sem eru grimmilegar, ómannlegar eða vanvirðandi.

Ungmennirn þurfa að hafa greitt aðgengi að getnaðarvörnum eins og smokkum og getnaðarvarnapillum. Einnig ætti neyðargetnaðarvörn að vera aðgengileg og mælir barnaréttarnefndin einnig með að aðgangur ungmenna að þungunarrofi sé tryggður ásamt eftirfylgni með slíkum aðgerðum.

### **Ábyrgð íslenskra stjórnvalda**

Stjórnvöldum ber að sjá til þess að réttindi barna til heilsuverndar séu uppfyllt og þau virt til hins ítrasta.

Helstu skuldbindingar íslenskra stjórnvalda felast í eftirfarandi:

- a) Endurskoða þarf lög og stefnumótun í samræmi við rétt barna til heilsuverndar.
- b) Tryggja þarf góða alhliða grunnheilbrigðisþjónustu, þar með talið forvarnir, heilsuefling, umönnunar- og meðferðarþjónusta og tryggja þarf aðgengi að nauðsynlegum lyfjum.
- c) Uppfylla þarf helstu grunnþætti í heilsu barna.
- d) Þróa, innleiða, og leggja mat á stefnumótun og fjárhagsáætlanir út frá rétti barna til heilsuverndar.

Heilsuvernd barna þarf að vera í forgangi hjá stjórnvöldum þrátt fyrir niðurskurð í fjármálum, Tryggja þarf fjármögnun og sjálfbæra þjónustu. Stjórnvöld bera meginábyrgð á því að börn geti notið bestu mögulegu heilsuverndar og þjónustu sem hægt er að veita hverju sinni.

Að lokum hvetur barnaréttarnefndin eindregið til þess að stjórnvöld setji upp aðgengilegan og barnvænan feril fyrir kvartanir frá börnum vegna veitingu heilbrigðisþjónustu eða synjunar um slíka þjónustu. Börn eiga að fá að koma slíkum athugasemdum eða kvörtunum á framfæri í sínu nærumhverfi. Þá eiga börn og/eða umönnunaraðilar þeirra að geta leitað réttar síns ef barni er ekki tryggt nauðsynleg heilbrigðisþjónusta. Stjórnvöld þurfa að tryggja að til staðar séu stuðningsúrræði sem gera börnum kleift að sækja rétt sinn fyrir dómstólum, til dæmis með hóp mállsókn eða með öðrum leiðum innan stjórnsýslunnar ef við á.

*Grein júlí mánaðar er rituð af starfsmanni umboðsmanns barna.*